



BOLUNGARVÍK



BOLUNGARVÍKURHÖFN

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa

Ágúst 2020

EFNISYFIRLIT

1. UPPLÝSINGAR UM HÖFN OG STARFSEMI.....	1
1.0 <i>STARFSEMI HAFNARINNAR</i>	2
2 MÓTTAKA OG RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS	2
2.0 <i>AÐSTAÐA FYRIR MÓTTÖKU Á ÚRGANGI</i>	2
2.1 SKRÁNINGAR.....	3
2.2 GJALDTAKA.....	3
2.3 UPPLÝSINGAR TIL NOTENDA.....	3
2.4 SAMRÁÐ VIÐ NOTENDUR OG ÁBENDINGAR NOTENDA	3
2.5 TILKYNNINGAR	3
2.6 ÚRVINNSLA OG ÁBYRGÐ.....	4
2.7 ENDURSKOÐUN	4
2.8 LÖG OG REGLUGERÐIR	4
3 UPPLÝSINGAR FYRIR NOTENDUR HAFNAR.....	5
STAÐFESTING Á MÓTTÖKU ÚRGANGS.....	6
CONFIRMATION OF ACCEPTANCE OF WASTE	7

1. UPPLÝSINGAR UM HÖFN OG STARFSEMI

Dagsetning áætlunar: 20.08.2020
Nafn hafnar og rekstaraðili: Bolungarvíkurhöfn
Heimilisfang: Búðarkanti 7, 415 Bolungarvík
Kennitala: 470169-6139
Tengiliður: Yfirhafnarvörður
Sími: 456 7156
GSM: 8687272
Fax: 456 7056
Tölvupóstur: hafnarvog@bolungarvik.is

Kort á mynd 1 sýnir yfirlit yfir Bolungarvík og Bolungarvíkurhöfn. Móttaka á almennum úrgangi í höfninni er merkt með gulum punktum, flokkaðum úrgangi með bláum punkti og móttaka á úrgangsolíu með rauðri stjörnu.



Mynd 1 Bolungarvíkurhöfn og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni.

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í Bolungarvíkurhöfn er sett fram í samræmi við kröfur í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum. Áætluninni er ætlað að tryggja að móttaka á úrgangi í Bolungarvíkurhöfn sé fullnægjandi og í góðri sátt við alla notendur hafnarinnar og að úrgangur berist til viðurkenndrar móttökustöðvar og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

Skv. reglugerð nr. 1200/2014 eru erlend herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta eru undanþegin þeim kröfum sem reglugerðin setur.

1.0 STARFSEMI HAFNARINNAR

Starfsemin í Bolungarvíkurhöfn hefur breyst mikið undanfarin ár, þar sem útflutningur frá Bolungarvík hefur að mestu lagst af og þjónar höfnin því nú aðallega fiskiskipum, minni bátum og ferðamannabátum sem sigla með ferðamenn á Jökulfirði yfir sumarmánuðina.

Þrjár megin bryggjur eru í höfninni. Nyrst og austast eru Brímbrjóturinn (kallaður Brjóturinn) og Grundargarður þar sem stærri bátar leggjast að. Fyrir miðri höfninni er Lækjarbryggja þar sem aðallega leggjast að ferðamannabátar og þar suðvestan við eru tvær minni flotbryggjur fyrir smábáta.

Það eru að mestu leyti sömu aðilar sem nýta sér þjónustu hafnarinnar og þekkja þeir því jafnan vel fyrirkomulag á móttöku úrgangs. Þegar ný skip koma til hafnarinnar leiðbeina hafnarverðir um fyrirkomulag móttökunnar.

2 MÓTTAKA OG RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS

2.0 AÐSTAÐA FYRIR MÓTTÖKU Á ÚRGANGI

Aðstaða fyrir móttöku á úrgangi í Bolungarvíkurhöfn hefur verið sett upp til að vera fullnægjandi fyrir notkun hafnarinnar hverju sinni og byggist mat á þörfinni á reynslu undanenginna ára. Því er þjónustustig aukið á sumrin þegar umferð ferðamannabáta eykst. Á sama hátt er brugðist við með auknu framboði ef aukið magn berst eða með því að útvega ílát ef tilfallandi úrgangsflokkar berast.

Megin uppstaða úrgangs er óflokkaður almennur úrgangur af skipum og bátum, en þar að auki berst á sumrin óflokkaður heimilisúrgangur frá Jökulfjörðum með ferðamannabátum til Bolungarvíkur. Engin sérstök formeðhöndlun á úrgangi er í höfninni. Gámaþjónusta Vestfjarða þjónustar þau kör sem eru á hafnarsvæðinu og kemur úrgangi í viðeigandi farveg. Tankur fyrir olíuúrgang er staðsettur á Lækjarbryggju er hann á vegum hafnarinnar.

Tafla 2-1 Yfirlit yfir úrgangsflokka og staðsetningu á móttöku í höfninni í Bolungarvík. Staðsetning ílátanna miðast við að hafa þau sem næst þeim stað þar sem skip leggjast að bryggju.

Tafla 2-1. Úrgangsflokkar, staðsetning móttöku og magntölur (2017) í Bolungarvíkurhöfn.

Tegund	Staðsetning og hirðing	Magn 2017
Almennur óflokkaður úrgangur	Brjóturinn: Tvö 1.100 lítra kör. Lækjarbryggja: Eitt 660 l kar og tvö 1.100 l kör. Smábátabryggja: Eitt 660 lítra kar við flotbryggju Grundargarður: Tvö 1.100 lítra kör	28.000 kg
Flokkaður úrgangur (grænt kar) fyrir dagblöð og tímarit, pappír, pappa, málma, fernur og plastumbúðir	Grundargarður: Tvö 1.100 lítra ílát Flokkunarkör: Tvær 240 l tunnur	15 m ³
Spilliefni	Móttaka spilliefna er hjá hafnarverði. Skilað merktu í sérferð í gámostöð Bolungarvíkurkaupstaðar við áhaldahús	2 m ³
Olíuúrgangur	Lækjarbryggja: 1.000 lítra tankur fyrir úrgangsolíu (tankur á vegum Bolungarvíkurhafnar) Lækjarbryggja: 660 lítra kar fyrir olíusíur og fleira	9 m ³
Veifaræraúrgangur	Engin föst staðsetning. Sérferð á gámostöð	40.000 kg
Skólp	Þjónustuaðili kallaður til eftir þörfum.	0
Allur annar úrgangur, t.d timbur	Berist annar úrgangur til hafnarinnar er brugðist við því hverju sinni og ílát útveguð eða úrgangi safnað og sóttur sérstaklega af starfsmönnum gámostöðvar	20 m ³

Gerð er grein fyrir skráningu og gjaldtöku í köflum 2.1 og 2.2.

2.1 SKRÁNINGAR

Sérstök skráning hefur farið fram á magni úrgangs sem berst til hafnarinnar en unnið er að því að koma upp skráningu á magni hvers úrgangsflokks sbr. töflu 2-1 áður en kemur að næstu endurskoðun áætlunarinnar fyrir árið 2021. Við móttöku á úrgangi og farmleifum er gefin út staðfesting á móttökum, þar sem skráð er magn úrgangs (í m³) í hverjum flokki. Sorp sem fellur til frá beitingarskúrum og bátum er vigtað á hafnarvog þar sem þyngd þess er skráð áður en lykill að losunargámi er afhentur. Upplýsingar um heildarmagn úrgangs sem tekið er á móti í aðstöðu hafnarinnar fást frá þjónustuaðila.

Magntölur í töflu 2-1 eru tölur ársins 2017, uppgefnar af þjónustuaðila.

2.2 GJALDTAKA

Kostnaður vegna móttöku og ráðstöfunar á úrgangi er innheimtur með hafnargjöldum skv. 9 gr. gjaldskrár Bolungarvíkurhafnar.

Gjaldskráin miðast við móttöku á allt að 100 kg eða 1 m³/mánuði af sorpi fyrir báta 0-30 brúttótonn að stærð, 150 kg eða 1 m³/mánuði af sorpi fyrir báta 30-50 brúttótonn og 200 kg eða 2 m³ af sorpi fyrir báta og skip 50 brúttótonn eða yfir. Skip í farþegaflutningum borga farþegagjald sem inniheldur sorpgjald vegna sorps frá farþegum yfir sumarmánuðina (júní-ágúst).

Þarfnist skip þjónustu annarra aðila, t.d. vegna olíuúrgangs eða skólps greiðir notandi gjald til þjónustuaðila skv. gjaldskrá hans. Fyrir meiriháttar úrgang og úrgang sem ekki fellur til vegna reksturs skipsins, greiðist sérstaklega fyrir þann úrgang skv. gildandi gjaldskrá gámasstöðvar við áhaldahús Bolungarvíkurkaupstaðar við hverju sinni. Þetta á t.d. við um úrgang sem berst frá Jökulfjörðum með farþegaskípum.

2.3 UPPLÝSINGAR TIL NOTENDA

Hafnarverðir sjá um að leiðbeina um fyrirkomulag á móttöku úrgangs, staðsetningu íláta og flokkun í höfninni þegar þeir taka á móti skipum. Unnið verður að úrbótum á merkingum íláta í höfninni til að auðvelda notkun þeirra og tryggja rétta flokkun.

2.4 SAMRÁÐ VIÐ NOTENDUR OG ÁBENDINGAR NOTENDA

Eins fram kemur í kafla 2.0 byggist mat á þörf fyrir móttöku á úrgangi á reynslu undangenginna ára. Samstarf hefur verið við notendur og þjónustuaðila m.a. um árstíðabundna móttöku á Lækjarbyggju og innleiðingu á flokkunaríláti á Grundargarði en það samráð hefur verið óformlegt. Markmið Bolungarvíkurhafnar er að stuðla að aukinni flokkun úrgangs í höfninni í góðri samvinnu við notendur hafnarinnar og þjónustuaðila.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, svo se vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið hafnarvog@bolungarvik.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar.

2.5 TILKYNNINGAR

Æskilegt er að skipstjórar stærri báta tilkynni með að minnsta kosti 24 klukkustunda fyrirvara sé óskað eftir að losa úrgang í umtalsverðu magni eða aðra flokka en þá sem boðið er upp á að staðaldri í höfninni, svo sem skólþ, svo bregðast megi við í tíma og veita fullnægjandi móttöku og þar með lágmarka hættu á töfum við afgreiðslu skipa.

Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra eða umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

2.6 ÚRVINNSLA OG ÁBYRGÐ

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráning á úrgangi er í höndum hafnarvarða og hafnarstjóra. Hafnarverðir munu sjá um að halda utan um og skrá magn úrgangs og gefa út móttökukvittanir ef eftir því er óskað. Upplýsingar heildarmagn úrgangs eftir flokkum fást hjá þjónustuaðila.

2.7 ENDURSKOÐUN

Endurskoða skal þessa áætlun á þriggja ára fresti og er þessi útgáfa þriðja endurskoðaða útgáfa áætlunarinnar. Næsta endurskoðun er haustið 2021 eða fyrr ef umtalsverðar breytingar verða í rekstri hafnarinnar.

2.8 LÖG OG REGLUGERÐIR

Þessi áætlun er sett fram og uppfyllir kröfur eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög:

55/2003 um meðhöndlun úrgangs

33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Reglugerðir:

806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum

737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum

809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum

586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur, þessi reglugerð ógildir reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum)

1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum

3 UPPLÝSINGAR FYRIR NOTENDUR HAFNAR

Sé óskað eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við hafnarvörð í síma og/eða tölvupósti.

Sími: 456 7156, GSM: 8687272

Fax: 456 7056

Tölvupóstur: hafnarvog@bolungarvik.is

Hafnarverðir veita allar upplýsingar og leiðbeingar um fyrirkomulag á móttöku á úrgangi í höfninni og sjá um samskipti við þjónustuaðila, t.d. fyrir móttöku á skólpi.

Tilkynna skal sem fyrst ef skip er með úrgang í umtalsverðu magni eða aðra úrgangsflokka en þá sem boðið er upp á að staðaldri í höfninni, s.s. skólpi, svo hægt sé kalla til þjónustuaðila og útvega fullnægjandi þjónustu. Hafnarverðir skrá skal losun og gefa móttökukvittun ef óskað er.

Ganga skal snyrtilega og tryggilega frá öllum úrgangi. Úrgangur skal vera flokkaður, merktur og haldið aðgreindum. Hafnarverðir veita leiðbeiningar um flokkun í græn flokkunarílát. Flokkunarleiðbeiningar á prenti er hægt að fá hjá hafnarvörðum eða á heimasíðu Gámaþjónustu Vestfjarða, <http://www.gamarvest.is>. Öllum spilliefnum skal haldið sérstaklega til hliðar og skila til hafnarvarða.

Gjald fyrir sorpmóttöku í venjulegu magni er innifalið í hafnargjöldum fyrir skip. Fyrir umframmagn er greitt skv. gjaldskrá gámostöðvar Bolungarvíkurkaupstaðar við áhaldahús. Nánari upplýsingar um magn er að finna undir:

<http://www.bolungarvik.is/efni.asp?id=493&fl=20>. Ábendingum og kvörtunum varðandi móttöku úrgangs skal koma til hafnarvarða eða hafnarstjóra.

Staðsetningu á móttöku úrgangs má sjá á neðangreindri mynd.

Mynd 2 Bolungarvíkurhöfn og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni.



STAÐFESTING Á MÓTTÖKU ÚRGANGS

Nafn, kallmerki og IMO auðkennisnúmer skips: _____

Fánaríki: _____

Skipsstjóri: _____

Tegund og magn úrgangs. (Mælt eða metið)

Tegund	Magn [m ³]

Staðfesting á móttöku úrgangs og flutningi til viðeigandi meðhöndlunar

Staðfesting móttökuaðila _____

Dagsetning: _____

Bolungarvíkurhöfn

Aðalstræti 10-12

415 Bolungarvík

Frumrit fyrir skipstjóra/Afrit til Bolungarvíkurhafnar

CONFIRMATION OF ACCEPTANCE OF WASTE

Name, call sign and IMO identification number of ship: _____

Flag State: _____

Master/CE: _____

Type and amount of waste. (Measured or estimated)

Type	Amount [m ³]

Confirmation of reception of waste and it's proper treatment

Confirmation signature _____

Date: _____

Bolungarvíkurhöfn

Aðalstræti 10-12

415 Bolungarvík

Iceland

Original fyrir Master/CE/copy Bolungarvíkurhöfn